
tapósturinn



Þorsteinn Jónsson — „sé ekki að það sé grundvallarmunur á að gera kvikmynd eftir sögu eða frumsömdu handriti“

ATÓM-STÖÐIN LOKS BYGGÐ

— Kvikmynd Þorsteins Jónssonar tekin í júní

Meðal þeirra fyrirtækja sem nýlega fengu styrk úr kvikmyndasjóði var Kvikmyndafélagið Óðinn sem hyggst gera mynd eftir Atómstöð Halldórs Laxness. Þessi mynd hefur átt sér nokkurn aðdraganda, enda sagði Þorsteinn Jónsson, tilvonandi leikstjóri myndarinnar, að upphaflega hefði verið ætlunin að taka hana í fyrrasumar.

„Af ýmsum ástæðum var því frestað“, sagði Þorsteinn, „við vildum hafa fjármálin alveg á hreinu, og sömuleiðis handritið. Það hafa verið gerðar nokkuð margar gerðir handrita að þessari mynd, en nú erum við tilbúnir til að fara af stað og myndin verður að líkindum tekin í júní í sumar“.

Þorsteinn vildi ekki upplýsa hverjir færu með stærstu hlutverkin í myndinni, né heldur hverjir væru helstu tæknimennirnir. „Það er verið að ganga endanlega frá þeim málum einmitt núna, og ég er ekki tilbúinn til að segja frá því að sinni“.

Kvikmyndafélagið Óðinn hefur þegar leitað fyrir sér um fyrirframsölu myndarinnar til útlanda, og sagði Þorsteinn það hafa gengið nokkuð vel; félagið teldi sig hafa tryggingu fyrir dreifingu myndarinnar í kvikmyndahús í útlöndum.

Að lokum var Þorsteinn spurður hvort æskilegt væri að gera kvikmyndir eftir þekktum skáldsögum hér á landi, en það hefur verið nokkuð umdeilt að undanförnu.

„Ég held að það sé ekki síðri ástæða til að gera myndir eftir skáldsögum, og þá bæði þekktum og óþekktum, heldur en frumsömdum handritum. Ef myndin er almennilega gerð get ég ekki séð að grundvallarmunur sé á þessu tvennu, og raunar getur verið mun meiri vinna við að gera handrit eftir sögu en að frumsemja“, sagði Þorsteinn að lokum.

NÝ FEGURÐ

— Nýlistasafnið hýsir Kristin Harðarson

Kristinn Guðbrandur Harðarson opnar annað kvöld klukkan tuttugu að íslenskum tíma sýningu í Nýlistasafninu að Vatnsstíg 3b. Kristinn er einn hinna ungu og knáu myndlistarmanna þessarar þjóðar.

— Hvað sýnir þú?

„Það eru málverk og teikningar“.

— Mörg verk?

„Sem allra flest“.

— Og eru þau ný?

„Elstu verkin eru eins árs. Hin yngstu eru ennþá blaut“.

— Hvað ertu að fást við?

„Nú vandast málið“.

— Segðu nokkrar klisjur

„Nei, mér er illa við það. Hm. Myndefnið er margvíslegt, það get ég þó sagt. Ég vinn mikið upp úr blöðum, bókum, tímaritum, hasarblöðum og þess háttar. Aðferðirnar eru mismunandi, og yfirbragðið. Spurðu betur“.

— Tja. Eru þetta fallegar myndir?


„Sumar held ég að séu það, já. Aðrar eru kannski ekki eins fallegar. Og þó. Fallegt er afstætt orð. Mér finnst ég alla vega vera að fást við fegurð“.

— Hvers lags fegurð?

„Ja, ég reyni að skapa nýja fegurð. Ég held að listamenn hljóti alltaf að leitast við slíkt. Og einhver fegurð er ætíð til staðar þó verkin líti ef til vill hráslagalega út“.

— Er það ekki rétt, Kristinn, að sýning þín verði opin til 24. apríl og opnunartími sé frá 16 til 20 virka daga en frá 14 til 20 um helgar?

„Jú, það er hárrétt“.



Eitt verka Kristins G. Harðarsonar



Vilhjálmur Bergsson við eitt verka sinna.

LÍFRÆNAR VÍDDIR Í LISTASÖGUNNI

— Vilhjálmur Bergsson og Guðmundur Björgvinsson sýna á Kjarvalsstöðum

Vilhjálmur Bergsson og Guðmundur Björgvinsson; þeir opna báðir sýningar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Sýning Vilhjálms ber heitið Lífrænar víddir.

— Hvað felst í því, Vilhjálmur, að mála lífrænar víddir?

„„ ég get ekki sagt það, og vil það ekki. Þú verður að koma og sjá sýninguna; sjón er sögu ríkari, ekki satt? Ekki má ég taka of mikið fram fyrir hendurnar á gagnrýnendum“.

Vilhjálmur sýnir að þessu sinni 65 málverk, en þetta mun vera 14. einkasýning hans hér á landi. Auk þess hefur hann sýnt fimm sinnum í Kaupmannahöfn og tekið þátt í fjölda samsýninga hingað og þangað. Síðustu tvær sýningar hans á Íslandi voru einnig á Kjárvalsstöðum.

Listamaðurinn vildi sem fyrr sagði lítið láta hafa eftir sér um málverkin, en hann kvað sig þó vera að fást við svipaða hluti og að undanförnu; engar stórbyltingar í hans málverki.

Guðmundur Björgvinsson sýnir um það bil 60 myndir; akríl á striga. Sýningu hans er skipt í þrennt og stærsti hlutinn ber heitið Rennt í gegnum listasöguna.

„Þar tek ég fyrir frægustu verk listasögunnar, Mónu Lísu og allt það, og nota sem viðfangsefni. Ég tjái mig um þessi verk; það má deila um hvort hér séu á ferðinni endurbætur“.

Annar hluti sýningar Guðmundar byggist upp á raunsæismyndum, en slíkar hefur hann víst sýnt áður, og í þriðja lagi eru expressjónískar myndir það sem maðurinn, mannslíkaminn er lagður til grundvallar.

Sýningar beggja verða opnaðar á morgun klukkan fjögur eftir hádegi og standa til 1. maí.



Guðmundur Björgvinsson og hans útgáfa af Mónu Lísu

BARÁTTA GÓÐS OG ILLS

— Austan Eden eftir Steinbeck komin út hjá Bókaklúbbi Arnar og Örlygs

„Þessi þýðing mín á Austan Eden eftir John Steinbeck er ekki beinlínis ný af nálinni. Ég þýddi bókina fyrst tiltölulega skömmu eftir að hún kom út í Bandaríkjunum, sem var árið 1952, og sú þýðing birtist sem framhaldssaga í Morgunblaðinu á sínum tíma. Þegar svo þessi útgáfa nú kom til tals, þá fékk ég send ljósrit af gömlu þýðingunni og fór mjög rækilega yfir hana, svo ef til vill má segja að hér sé um að ræða nýja þýðingu“.

Séra Sverrir Haraldsson, prestur í Bakkagerði í Borgarfirði eystra, hefur ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Austan Eden er stór bók og þykk og Steinbeck hefur yfirleitt þótt vera torþýddur höfundur. Séra Sverrir tók undir það. „Hann skrifar þungt mál, og það eru miklar ástríður að verki í þessari bók“, sagði hann.

Íslendingar kannast líklega flestir við Austan Eden, enda er hún frægasta bók Nóbelsverðlaunahafans Steinbecks ef Þrúgur reiðinnar eru undanskildar. Nýlega voru sýndir í sjónvarpinu þættir sem gerðir voru eftir bókinni, og þóttu vera góðir. Auk þess muna flestir eftir bíómynd þeirri sem James Dean lék í og gerð var eftir seinni hluta bókarinnar. Þetta er ættarsaga og gerist á löngu tímabili en þungamiðjan eru samskipti bræðra, fyrst þeirra Adams og Charles, og síðan Calebs og Arons. Eins og séra Sverrir vék að hér að ofan gengur mikið á í bókinni, og hefur margt verið rætt og ritað um þau átök góðs og ills sem í henni kristallast.



Úr sjónvarpsþáttunum eftir sögunni Austan Eden. Jane Seymour sem hin illskeytta Cathy Ames, og Bruce Boxleitner í hlutverki Charles

„Ég veit ekki hvort sagan á eitthvert sérstakt erindi við Íslendinga nú“, sagði séra Sverrir, „en barátta góðs og ills má kallast nokkuð sígilt efni. Þótt Steinbeck hafi skrifað margar góðar bækur finnst mér þetta vera mesta verk hans; þetta er mikilfengleg og táknræn bók. Hún er ekki spennandi í venjulegum skilningi, og ég efast um að það dugi að lesa hana einu sinni, en hún gleymist seint“.

Það er Bókaklúbbur Arnar og Örlygs sem gefur bókina út, raunar í tvennu lagi. Fyrra bindið er þegar komið út og hefur verið sent út til félaga Bókaklúbbsins en síðara bindið er væntanlegt í maí-mánuði ef svo fer fram sem horfir. Austan Eden er, skal tekið fram, ekki send á almennan markað, heldur aðeins dreift meðal félaga í fyrrnefndum Bókaklúbbi.

Að lokum var séra Sverrir Haraldsson spurður að því hvort hann hefði þýtt fleiri bókmenntaverk á borð við Austan Eden.

„Ég er nú ekki að fást við neitt núna í augnablikinu“, svaraði hann. „Hins vegar er ég með ýmislegt í huga, og einhverjar þýðingar á ég í handriti. Hverjar? Það vil ég ekki upplýsa á þessari stundu“.

Sukkað á sjarmerandi hátt

Nýjabíó: Diner. Bandarísk. Árgerð 1982. Aðalhlutverk: Steve Guttenberg, Daniel Stern, Mickey Rourde, Kevin Bacon. Handrit og leikstjórn: Barry Levinson.

„Kvikmyndir“

eftir Guðjón Arngrímsson



„Það sakar ekki að eiga sér stóra drauma. Maður fær þá ekki martraðir á meðan“, segir draumóramaðurinn Boog, einn vinanna sex í Diner þegar ein skýjaborgin enn hrynur á kollinn á honum. Ég hef grun um að Diner sé enn ein graffitimyndin, hún segi frá jólafríi nokkurra félaga í Baltimore um 1960, sem einkum snýst um stelpur og kynlíf, og dvelur sérstaklega við hið viðkvæma augnablik þegar ungt fólk breytist úr börnum í fullorðna, með giftingu og þ.h.

Bandaríkjamenn eru sérlega veikir fyrir graffitimyndunum enda kannski skiljanlegt. Flestir kannast þeir við sitthvað úr eigin æsku í þessum myndum - skólann kaggana, stefnumótin og hinar grátbroslegu tilraunir við að gera hitt. Þetta er sett fram í þessari mynd, eins og í American Graffiti, í léttum dúr blöndnum dálítilli eftirsjá. Flestum líður því vel við að horfa á þær, jafnvel þó þær hafi ekki mikið að segja. Þeir fjölmörgu Íslendingar sem lesið hafa bækur Péturs Gunnarssonar og hafa fundið eitthvað af sjálfum sér í þeim, eiga auðvelt með að skilja þetta.

Það verður hinsvegar að segjast að bernskubrek Ameríkananna eru svo mjög ólík þeim sem stunduð voru hérlendis, að þennan endurminningaþráð vantar þegar Íslendingar horfa á myndir eins og Diner. Íslenskur áhorfandi finnur ekki til þeirrar samkenndar með söguhetjunum, sem líklega er nauðsynleg til að myndin gangi alveg upp.

Styrkur Diner liggur fyrst og fremst í vandaðri persónusköpun, studdri af fantagóðum leik lítt kunnra ungra leikara. Í myndinni gerist nánast ekkert markvert, drengirnir fimm eru á fylleríi og kvennafari obbann af tímanum, fluksast svona fram og aftur í takt við rokkið. Þegar upp er staðið er maður sammála því sem Boog sagði hér í upphafi. Spurningin er bara sú um hvað draumarnir eiga að snúast. Hjá honum um peninga, hjá félögum hans um menntun, ferðalög um Evrópu, fótbolta. Engann þeirra dreymdi um að verða eins og pabbi og mamma.

Mér virðist höfundurinn láta liggja milli hluta hvort þar er á ferðinni það rótleysi sem fór að gera vart við sig í Bandaríkjunum á þessum tíma eða hefðbundið æskufjör. Enda skiptir það ekki öllu máli. Myndin er vel þess virði að sjá hana.

G.A